

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Ævinlega erfingjarentu Sigríðar Melsteð“.

1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður af Boga Th. Melsteð sagnfræðingi og var skipulagsskrá fyrir hann staðfest 13. október 1914.

Nafn sjóðsins er: Ævinlega erfingjarenta Sigríðar Melsteð. Ný skipulagsskrá fyrir sjóðinn var staðfest þann 24. júlí 1998.

2. gr.

Eign sjóðsins er: 17.812.587 kr.

Stofnfé að fjárhæð er kr. 598.000 og skal hún haldast óskert.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtast á sem tryggilegastan hátt.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki og styrkja fólk í erfiðleikum.

Rétt til styrkja hafa afkomendur Bjarna Melsteð og konu hans Þórunnar Guðmundsdóttur frá Framnesi, Skeiðum.

Einnig má nota sjóðinn til að efla kynni meðal ættingja og styrkja mannfagnaði á vegum ættarinnar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) vextir af inneignum
- b) aðrar tekjur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita á hverjum tíma styrki úr sjóðnum í samræmi við tilgang hans samkv. 3. gr., þeirri upphæð sem hún telur sér fært að veita án þess að rýra stofnfé sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 6 menn. Skulu þeir allir vera afkomendur barna Bjarna Melsteð og konu hans Þórunnar Guðmundsdóttur þ.e. Páls, Jóns, Stefaníu, Sigrúnar, Gunnlaugs og Soffíu. Hlutverk stjórnar er að annast vörslu sjóðsins.

Styrkveitingar verða gerðar í samráði við stjórn.

Hverfi stjórnarmaður úr stjórn tilnefni hann eftirmann sinn í stjórnina. Falli stjórnarmaður frá tilnefna skyldmenni hans manni í hans stað. Formaður skal valinn af stjórnarmönnum. Formaður stjórnar ber ábyrgð á fjárvörslu.

7. gr.

Sjóðurinn skal endurskoðaður árlega af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Ekki má lána úr sjóðnum eða veðsetja hann.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má aðeins gera ef þær hljóta samþykki allra stjórnarmanna.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Ævinlega erfingjarentu Sigríðar Melsteð, sem staðfest var 24. júlí 1998.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. maí 2004.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.